# Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

06 441

## Ársreikningur 2019

## Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og áritun forstöðumanns .......... 2
Yfirlit um afkomu ársins .......... 3
Efnahagsreikningur .......... 4
Sjóðstreymisyfirlit .......... 5
Skýringar .......... 6


**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu**

**Kt. 650914-2520**

**Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er stjórnsýsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í sínu umdæmi eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014.
Verkefni embættisins eru eftirfarandi málaflokkar:
Persónuréttindi og fjölskyldumál. Undir málaflokkinn falla margvísleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólögráða einstaklinga. Loks falla hér undir umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands.
Eignaréttindi og fullnusta krafna. Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þær njóti verndar gagnvart þriðja manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja kröfu með eign eða réttindum og nauðungarsölur, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða til að slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn afmáning fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009.
Stjórnsýsla ríkisins í umdæminu. Hér undir fellur innheimta opinberra gjalda, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskírteina, lögbókandagerðir og friðlýsing æðarvarpa.
Sérverkefni fyrir landið allt
Veiting leyfa til ættleiðinga, sbr. 1. gr. laga nr. 130/1990 um ættleiðingar og reglugerð nr. 1264/2011 um veitingu leyfa til ættleiðingar.
Afgreiðsla nauðungarvistana, sbr. breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997
Löggilding fasteigna-, fyrirtækja og skipasala, sbr. reglugerð nr. 1123/2006
Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málefnum barna á grundvelli barnalaga nr. 76/2003
Skráning heimagistingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 67/2016 um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málefnaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.122,2 milljónir og afkoma kr. 66,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 220,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisinu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisinu fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Þórólfur Halldórsson

Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 1.093.200.000 | 1.020.800.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 14.457.548 | 13.163.000 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 3.705.681 | 14.695.311 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 10.860.578 | 13.219.972 |
| **Tekjur samtals** | | 1.122.223.807 | 1.061.878.283 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 861.013.151 | 827.528.228 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 184.058.623 | 179.660.097 |
| Afskriftir | 7 | 10.860.578 | 13.219.972 |
| **Gjöld samtals** | | 1.055.932.352 | 1.020.408.297 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 66.291.455 | 41.469.986 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (1.207) | 0 |
| | | (1.207) | 0 |
| **Afkoma ársins** | | 66.290.248 | 41.469.986 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 53.253.386 | 62.010.024 |
| Aðrar eignir | | 566.119 | 566.119 |
| | | 53.819.505 | 62.576.143 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 53.819.505 | 62.576.143 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 1.368.739 | 0 |
| Tengdir aðilar | 9 | 107.079.888 | 95.006.546 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 10 | 1.065.239 | 531.697 |
| Handbært fé | 11 | 57.432.144 | 64.977.590 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 166.946.010 | 160.515.833 |
| **Eignir samtals** | | 220.765.515 | 223.091.976 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign | | 1.443.070 | (64.847.178) |
| **Eigið fé samtals** | | 1.443.070 | (64.847.178) |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 9 | 48.663.885 | 106.617.625 |
| Viðskiptaskuldir | | 3.194.167 | 1.430.091 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 13 | 106.451.282 | 114.417.749 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 14 | 61.013.111 | 65.473.689 |
| | | 219.322.445 | 287.939.154 |
| **Skuldir samtals** | | 219.322.445 | 287.939.154 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 220.765.515 | 223.091.976 |
| **Aðrar upplýsingar** | 15 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 66.290.248 | 41.469.986 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 10.860.578 | 13.219.972 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (10.860.578) | (13.219.972) |
| | | 66.290.248 | 41.469.986 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | (1.902.281) | 1.070.192 |
| Tengdir aðilar | | (65.731.022) | (38.730.758) |
| Skammtímaskuldir | | (6.202.391) | (17.692.918) |
| | | (73.835.694) | (55.353.484) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (7.545.446) | (13.883.498) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | (2.103.940) | (3.302.454) |
| | | (2.103.940) | (3.302.454) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | (4.296.060) | (2.897.546) |
| Fjárfestingarframlag | | 6.400.000 | 6.200.000 |
| | | 2.103.940 | 3.302.454 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (7.545.446) | (13.883.498) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 64.977.590 | 78.861.088 |
| **Handbært fé í árslok** | | 57.432.144 | 64.977.590 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

**Fjárfestingareignir**

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 1.093.200.000 | 1.027.000.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | 0 | (6.200.000) |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 1.093.200.000 | 1.020.800.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 10.860.578 | 13.219.972 |
| | 1.104.060.578 | 1.034.019.972 |

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 1.056.700.000 | 0 | 0 | 1.056.700.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 36.500.000 | 0 | 0 | 36.500.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **1.093.200.000** | **0** | **0** | **1.093.200.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (1.026.909.752) | 0 | 0 | (1.026.909.752) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **66.290.248** | **0** | **0** | **66.290.248** |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

### 3 Seld þjónusta

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Verksala | 4.961.908 | 3.682.295 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 4.244.390 | 3.990.605 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 5.251.250 | 5.490.100 |
| | 14.457.548 | 13.163.000 |

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 3.012.681 | 13.904.510 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 693.000 | 790.801 |
| | 3.705.681 | 14.695.311 |

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 729.692.832 | 691.739.608 |
| Orlof, breyting | 7.710.448 | 2.911.798 |
| Launatengd gjöld | 166.572.433 | 159.031.797 |
| Starfsmannakostnaður | 4.795.879 | 6.847.955 |
| Samtals launakostnaður | 908.771.592 | 860.531.158 |
| Endurgreitt vegna umsjón heimagistingar | (47.758.441) | (33.002.930) |
| | 861.013.151 | 827.528.228 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 97,2 | 96,6 |

## Skýringar

### 6 Annar rekstrarkostnaður

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 4.905.265 | 6.576.582 |
| Byggingarvörur, almennar | 51.468 | 68.116 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 7.980 | 0 |
| Ýmis tæki og áhöld | 1.226.957 | 1.700.206 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 17.846 | 28.578 |
| Orkugjafar | 4.680.673 | 5.116.140 |
| Matvæli | 10.818.066 | 9.486.609 |
| Almennar rekstrarvörur | 1.568.031 | 1.114.927 |
| Vörukaup, almenn | 23.276.286 | 24.091.158 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 1.674.184 | 133.085 |
| Ferðir, uppihald | 1.936.482 | 2.345.798 |
| Akstur | 2.617.896 | 2.704.865 |
| Sérfræðiþjónusta | 8.132.014 | 7.700.023 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 3.849.085 | 3.374.384 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 0 | 326.896 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 2.673.654 | 2.153.355 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 20.883.315 | 18.738.406 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 158.392 | 327.370 |
| Afnotagjöld | 5.736.557 | 8.173.051 |
| Leigugjöld | 78.029.679 | 75.088.253 |
| Notkun véla og flutningatækja | 1.536.081 | 1.004.572 |
| Verkkaup | 17.581.464 | 15.830.914 |
| Kostnaðarhlutdeild | 36.856.849 | 36.386.233 |
| Opinber gjöld | 0 | 20.140 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 139.899.022 | 136.830.533 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 184.058.623 | 179.660.097 |

### 7 Afskriftir

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 10.860.578 | 13.219.972 |
| | 10.860.578 | 13.219.972 |

## Skýringar

**8 Varanlegir rekstrarfjármunir**

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 53.253.386 | 62.010.024 |
| Aðrar eignir | 566.119 | 566.119 |
| | 53.819.505 | 62.576.143 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 115.865.092 | 606.125 | 116.471.217 |
| Viðbætur á árinu | 2.103.940 | 0 | 2.103.940 |
| Selt/niðurfært á árinu | (14.570.804) | (40.006) | (14.610.810) |
| | 103.398.228 | 566.119 | 103.964.347 |
| Afskriftir 1.1.2019 | 53.855.068 | 40.006 | 53.895.074 |
| Selt/niðurfært á árinu | (14.570.804) | (40.006) | (14.610.810) |
| Afskrift ársins | 10.860.578 | 0 | 10.860.578 |
| | 50.144.842 | 0 | 50.144.842 |
| Staða 31.12.2019 | 53.253.386 | 566.119 | 53.819.505 |

**9 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 100.563.955 | 0 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 6.515.933 | 5.331.649 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | | 89.674.897 |
| | 107.079.888 | 95.006.546 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 0 | 2.628.273 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 48.663.885 | 103.989.352 |
| | 48.663.885 | 106.617.625 |

**10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 0 | 119.598 |
| Skattar | 1.065.239 | 412.099 |
| | 1.065.239 | 531.697 |

## Skýringar

| 11 Handbært fé | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Sjóðir | 1.057.200 | 413.500 |
| Tékkareikningar | 56.374.944 | 64.564.090 |
| | 57.432.144 | 64.977.590 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1971,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

| 12 Eigið fé | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum; | | |
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (64.847.178) | (106.317.164) |
| Afkoma ársins | 66.290.248 | 41.469.986 |
| Jöfnuður 31.12. | 1.443.070 | (64.847.178) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

**13 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 102.191.576 | 94.481.128 |
| Ógreidd laun | 4.152.801 | 0 |
| Önnur ógreidd gjöld | 106.905 | 19.936.621 |
| | 106.451.282 | 114.417.749 |

**14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | | |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 53.819.505 | 62.576.143 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 7.193.606 | 2.897.546 |
| | 61.013.111 | 65.473.689 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 62.576.143 | 2.897.546 | 65.473.689 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 6.400.000 | 6.400.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 2.103.940 | (2.103.940) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (10.860.578) | 0 | (10.860.578) |
| | 53.819.505 | 7.193.606 | 61.013.111 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 8,5 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

# Skýringar

**15 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2041. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 79,2 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.